

**Rannsóknir á seiðastofnum
Laxár í Skefilsstaðahreppi
árið 2000**

**Bjarni Jónsson
og
Guðmundur Ingi Guðbrandsson**

Hólum, janúar 2001 VMST-N-01001

*VFIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn*

Inngangur

Úttekt var gerð á seiðastofnum Laxár í Skefilsstaðahreppi 27. júlí og 8. ágúst 2000. Rafveitt var ein yfirferð á 10 stöðum frá Sævarlandi og upp undir Háafoss. Veitt var á flestum sömu stöðum og undanfarin ár (Bjarni Jónsson, 1999 VMST-N-99002). Laxá hefur verið rannsókuð árlega um allnokkurn tíma vegna ástands laxastofna. Vegna framkvæmda við Þverárfjallsveg og hugsanlegrar malartekju í og við Laxá í Skefilstaðahreppi, var einnig gert botnmat á ánni til að meta framleiðslugildi einstakra hluta árinnar til uppeldis laxaseiða sumarið 1999. Út frá botngerð voru reiknaðir framleiðslustuðlar fyrir búsvæði árinnar. Sérstök úttekt var gerð á því svæði sem malarnám myndi fara fram á. Einnig var litið til áhrifa brúargerðar við Herjólfssstaði (Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 1999 VMST-N-99006). Þessi úttekt á búsvæðum mun auðvelda uppbyggingarstarf á laxastofnum árinnar. Vegna slakra laxagangna og seiðafæðar í Laxá síðustu árin var ekki veitt í ánni sumarið 2000.

Niðurstöður rafveiða

Efsti staðurinn sem rafveitt var á var við ármót Bakdalsár, stöð 2 (mynd 1). Þar veiddust nú tveggja ára (2+) laxaseiði (tafla 1.; mynd 2a) en ekki veiddust þar seiði sumarið 1999. Einnig var vottur af þriggja ára bleikjuseiðum á þessum stað (tafla 2.; mynd 3a).

Vottur var einnig af tveggja ára laxaseiðum við ármót við Ambáttará, stað 3 (mynd 1) sumarið 2000 (tafla 1.; mynd 2a) og vorgömul bleikjuseiði (tafla 2; mynd 3a).

Engin seiði veiddust á hefðbundnum athugunarstað við ármót Engjalækjar, stað 4. (mynd 1).

Við Illugastaði, stað 5 (mynd 1) veiddust tveir árgangar laxaseiða, eins árs, og tveggja ára seiði (tafla 1.; mynd 2a). Sömuleiðis varð vart við vorgömul bleikjuseiði við Illugastaði (tafla 2.; mynd 3a).

Á breiðunni fyrir neðan Herjólfssstaðabréu, stað 6 (mynd 1), veiddust þrír árgangar laxaseiða, eins árs, tveggja ára,- og þriggja ára seiði. Meira var nú af laxaseiðum á þessum kafla en hefur verið um hríð (tafla 1.; mynd 2a). Einnig veiddust fjögurra ára bleikjuseiði og þriggja ára urriðaseiði fyrir neðan Herjólfssstaðabréu (töflur 2. og 3.; myndir 3a og 4).

Rafveitt var á Skíðastaðaeyrum á gömlum athugunarstað, stað 6a (mynd 1), en þessi kafla hefur ekki verið athugaður um tíma vegna þeirra breytinga sem orðið höfðu á rennsli á Skíðastaðaeyrum. Þar veiddist nú talsvert af eins árs laxaseiðum, auk tveggja,- og þriggja ára seiða (tafla 1.; mynd 2b). Einn árgangur bleikjuseiða, eins árs seiði (tafla 2.; mynd 3a) og einn árgangur urriðaseiða, tveggja ára seiði (tafla 3.; mynd 4) veiddust á þessum kafla.

Áin hefur breytt sér talsvert fyrir neðan Skíðastaðabréu. Þar hefur verið athugunarstaður, staður 8 (mynd 1) en þó ekki veitt þar árvísst. Veitt var á þessum kafla nú og var þar talsvert af eins árs laxaseiðum en ekki aðrir árgangar (tafla 1.; mynd 2b). Sömuleiðis var nokkuð af eins árs bleikjuseiðum á þessum stað (tafla 2.; mynd 3b).

Neðsti rafveiðistaðurinn í Laxá var við Sævarland, staður 9 (mynd 1). Þetta svæði fóstraði á árum áður mikið af laxaseiðum, en síðustu ár hefur verið lítið um laxaseiði á þessum kafla (Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 1999). Staðan hefur verulega breyst aftur og nú veiddist vel af laxaseiðum á þessum athugunarstað, eða þrír árgangar; eins, tveggja,- og þriggja ára seiði (tafla 1.; mynd 2b). Nokkuð var af eins árs bleikjuseiðum við Sævarland (tafla 2.; mynd 3b) og eins og tveggja ára urriðaseiði (tafla 3.; og mynd 4).

Umræða

Ástand laxastofna Laxár undanfarin ár og aðgerðir til að byggja þá upp

Undanfarin ár hafa seiðastofnar Laxár verið á mikilli niðurleið. Vfða vantaði marga árganga laxaseiða á staði í ánni þar sem áður var mikið uppeldi seiða og ákveðnir kaflar voru jafnvel seiðalausir. Þannig veiddust vart laxaseiði ofan Illugastaða.

Sumarið 1998 og 1999 voru stórir hlutar árinnar án laxaseiða.

Gripið hefur verið til margvíslegra ráðstafana til að byggja upp laxastofna árinnar á nýjan leik. Í fyrstu þegar séð varð í hvað gæti stefnt var beitt seiðasleppingum en seiðin skiluðu sér illa í fullorðnum laxi. Nokkrar sleppingar sem Friðrik Steinsson sá um og voru með nokkru öðru sniði en áður hafði tíðkast, skiluðu sér þó þokkalega og eru til vitnis um að með útsjónarsemi er meiri árangurs að vænta. Á heildina litið reyndust seiðasleppingar ekki sú lausn sem menn vonuðust til.

Nýrra leiða var leitað til að byggja upp laxastofna Laxár. Beitt var veiðitakmörkunum þar sem veiðítími var styttur. Þessari leið var beitt í nokkur ár. Metið var eftir veiðítíma hve mikið af laxi var eftir í ánni og var ljóst að þessar aðgerðir urðu til þess að lax varð eftir mun víðar um ánnar hefði orðið. Það olli því miklum vonbrigðum að aðgerðirnar skyldu ekki skila sér í meiri hrygningu í Laxá en raun bar vitni. Ekki varð vart seiða á stöðum þar sem hrygningar laxar höfðu sest haustin á undan. Fljóttlega var ljóst að veiðipjófnaður var stundaður í ánni í því mæli að viðkvæmur laxastofn árinnar bar stórskaða af. Veiðitakmarkanir skiluðu því ekki þeim árangri sem þeim var ætlaður. Ljóst var að eftir því sem þetta ástand á laxastofnum Laxár myndi vara lengur yrði erfiðara að og tæki lengri tíma að ná henni upp aftur.

Veiðieftirlit við Laxá var stórhert samhliða áframhaldandi veiðitakmörkunum. Þessi leið var í raun sú eina sem fær var orðin til að byggja upp laxastofna árinnar. Sumarið 2000 var algert veiðibann í Laxá og gerð var tilraun til að ná klakfiski úr ánni um haustið. Það tókst ekki og ómögulegt að meta hve mikið af laxi var í ánni vegna vegagerðarframkvæmda ofarlega í vatnakerfinu. Líklega hefði þó verið hægt að ná einhverjum löxum ef áin hefði ekki verið mórauð um svo langan tíma. Það er ekki lausn undir nokkrum kringumstæðum að sleppa laxaseiðum af framandi stofnum í Laxá og væri ekki heimilt lögum samkvæmt. Slík aðgerð yrði aldrei að fullu tekin til

baka og laxastofnar Laxár í Skefilsstaðahreppi yrðu ekki þeir sömu og fyrri, laxastofnar sem aðlagast hafa aðstæðum í ánni í þúsundir ára.

Umræða um niðurstöður rafveiða sumarið 2000

Niðurstöður rafveiða sumarið 2000 sýna greinileg batamerki á laxastofnum Laxár. Víða um Norðurland hafa seiðastofnar verið slakir síðustu ár og ár þunnsetnar. Það hafa farið saman slæmar heimtur úr hafi og hátt veiðialag. Því hefur orðið að grípa til sérstakra aðgerða í mörgum ám, m.a. með því að takmarka veiðisókn. Það er því athyglivert og ánægjulegt að seiðastofnar í Laxá í Skefilsstaðahreppi skuli vera á uppleið á sama tíma. Eftir því sem seiði af einstökum árgöngum verða eldri hafa þau jafnframt dreift sér betur um ánya. Því koma yngstu árgangarnir ekki alltaf fram í rafveiðum. Árgangur tveggja ára laxaseiða virðist nú vera útbreiddur um efri hluta Laxár, eða allt frá Skíðastaðaeyrum og langleiðina að Háafossi. Þessi seiði eru þó í litlum þéttleika og ekki varð vart annarra árganga ofan Illugastaða. Árgangur eins árs seiða virðist ná samfellt frá Sævarlandi og að Illugastöðum en í mismiklum þéttleika. Ekki varð vart við eins, eða tveggja ára laxaseiði í Grímsá og er það nokkuð til marks um hve aðaláin er þunnskipuð seiðum sem ganga þá síður upp í hliðarár til uppeldis. Árgangur þriggja ára seiða sem munu ef vel árar í vor, að langmestu leyti ganga til sjávar vorið 2001 er mjög lítill og varð einungis vart á þremur rafveiðistöðum af 10 sumarið 2000. Mest er af þriggja ára seiðum fyrir neðan Herjólfsstaðabréu og Skíðastaðaeyrum, auk þess sem þau eru einnig í Grímsá og við Sævarland. Því miður varð ekki vart vorgamalla laxaseiða í rafveiðum í Laxá sumarið 2000 (seiða úr hrygningu haustið 1999). Vegna þess hve laxaseiðin hafa lítið dreift sér fyrsta summar sitt þarf fjarvera þeirra í rafveiðunum sumarið 2000 ekki að tákna að þau séu ekki til staðar í Laxá en því miður virðist ljóst að sá árgangur verður mjög slakur í ánni. Ef hrygning hefði orðið víða um Laxá haustið 1999 hefði vorgömul laxaseiði komið fram í rafveiði á einhverjum athugunarstaðanna.

Frekari aðgerðir til að byggja upp laxastofna Laxár


Það er ljóst að veiðitakmarkanir og hert veiðivarsla í Laxá hafa verið að skila árangri í sterkari seiðaárgöngum. Þetta gerist þrátt fyrir almennt slakar laxagöngur á Norðurlandi síðustu árin sem ekki hafa auðveldað uppbyggingarstarf í Laxá. Ekki varð vart við mikið af laxi í Laxá sumarið 2000. Hrygning gæti einnig hafa truflast í einhverjum tilvikum vegna aurburðar í ánni framan af hrygningartíma (vegna

framkvæmda við Þverárfjallsveg). Það olli vonbrigðum að ekki skyldi vera hægt að ná klakfiski úr ánni haustið 2000 og að ekki varð vart vorgamalla seiða í rafveiðunum. Á móti kemur að eldri árgangar í ánni eru á uppleið.


Ástæða er til að halda áfram sérstökum aðgerðum í Laxá til að byggja upp laxastofna árinnar. Nauðsynlegt er að halda áfram veiðitakmörkunum og öflugu veiðieftirliti. Einnig þarf að tryggja að Vegagerðin bæti hugsanlegan skaða sem framkvæmdir hafa eða kunna að valda á lífríki árinnar.

Lagt er til að farin verði ein tveggja leiða við nýtingu og fiskræktarstarf við Laxá sumarið 2001:


- a) Áin verði alfarið lokuð fyrir veiði sumarið 2001 og komið við öflugu veiðieftirliti. Aftur verði athugað með klakfisk úr ánni og hugsanlegan hrognagröft.
- b) Leyfð verði veiði í Laxá í tvær vikur 10. –23. ágúst sumarið 2000. Einungis verði veitt á flugu og öllum löxum sleppt aftur í ánnu en veiðimenn geti haldið bleikju og urriða sem þeir veiða. Komið verði við öflugu veiðieftirliti. Aftur verði athugað með klakfisk úr ánni og hugsanlegan hrognagröft.




Mynd 1. Yfirlit yfir staðsetningu rafveiðistaða í Laxá í Skefilstaðahreppi.






Mynd 2a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Skefilstaðahreppi 27. júlí og 8. ágúst 2000.




Mynd 2b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Skefilstaðahreppi 27. júlí og 8. ágúst 2000.



Mynd 3a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Laxá í Skefilstaðahreppi 27. júlí og 8. ágúst 2000.



Mynd 3b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Laxá í Skefilstaðahreppi 27. júlí og 8. ágúst 2000.



Mynd 4: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urrriðaseiða í Laxá í Skefilstaðahreppi 27. júlí og 8. ágúst 2000.